

GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI GARÐAHRAUNS

Garðahraun er sértækt frístundar- og félagsmiðstöðvaúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk við grunnskóla í Garðabæ sem eiga lögheimili í Garðabæ. Garðahraun er starfrækt í Álfтанesskóla.

Í frístund Garðahrauns gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10	klst./mán.	kr.	4.700
11-20	klst./mán.	kr.	9.400
21-30	klst./mán.	kr.	14.100
31-40	klst./mán.	kr.	18.800
41-50	klst./mán.	kr.	23.500
51-60	klst./mán.	kr.	28.200
61-70	klst./mán.	kr.	32.900
71-80	klst./mán.	kr.	37.600

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 856.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 1.049.000 á mánuði.

Sækja þarf um systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2025.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
5. desember 2024.*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs*